



Fundargerð

Föstudaginn 22. desember 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 8:30. Notast var við fjarfundarbúnaðinn Teams.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir.

Auk þess var á fundinum Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Undir fyrsta dagskrárlið fundarins voru á fundinum Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri, Eydís Inga Sigurjónsdóttir forstöðumaður Sæborgar, Sigrún Hauksdóttir aðalbókari Félags- og skólaþjónustu A. Hún. og Arnór Tumi Finnsson verkefnisstjóri fjármála.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum og Ólafur Þór Ólafsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun 2024.

Að loknum umræðum um fjárhagsáætlunina samþykkti stjórnin samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

a. Skýrsla félagsmálastjóra

Félagsmálastjóri kynnti og fór yfir áherslur sínar vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Mikil aukning er í kostnaði vegna barnaverndar og fjárhagsaðstoðar.

b. Skýrsla fræðslustjóra

Fræðslustjóri kynnti og fór yfir áherslur sínar vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Aukinn kostnaður er vegna sálfræðiþjónustu.

c. Skýrsla forstöðumanns Sæborgar

Forstöðumaður dvalar- og hjúkrunarheimilisins Sæborgar fór yfir áherslur sínar vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Fullnýting er á heimilinu og leitað verður eftir heimild til að fjölga hjúkrunarrýmum 2024.

Biðlisti er til staðar vegna dvalar á Sæborg.



2. Greinargerð um Sæborg

Lögð fram greinargerð um stöðuna á rekstri Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Sæborgar á Skagaströnd. Undanfarin ár hafa verið þung og hefur hallarekstur aukist talsvert síðustu misseri. Það er ljóst að rekstrarkostnaður við lítið heimili er hlutfallslega alltaf hár en samhliða því hefur hjúkrunarþyngd einnig aukist talsvert og launakostnaður hækkað verulega. Rekstraraðilar geta ekki staðið undir rekstrinum að óbreyttu.


Stjórnin samþykkir samhljóða að senda greinargerðina til Sjúkratrygginga Íslands og þingmönnum kjördæmisins.

3. Landsréttur í máli nr. 987/2022

Grímur Rúnar Lárusson vék af fundi kl. 11:00 undir þessum lið.

15. desember s.l. féll dómur Landsréttar í máli nr. 987/2022. Staðfestur var áfrýjaður dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli E-109/2021 sem féll hjúkrunarheimilinu í vil.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð upplestin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 11:15.


Ásdís Ýr Arnardóttir


Ólafur Þór Ólafsson


Grímur Rúnar Lárusson


Péturina Laufey Jakobsdóttir


Erla Jónsdóttir